



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

**Jón Oddur og Jón Bjarni – íslenskir tvíburar**

*Pýðing á pólsku á hluta af Jóni Oddi og Jóni Bjarna  
eftir Guðrúnu Helgadóttur*

**Ritgerð til BA-prófs í Íslensku sem öðru máli**

**Malgorzata Lojewska**

**Maí 2013**

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Íslenska sem annað mál**

## **Jón Oddur og Jón Bjarni – íslenskir tvíburar**

*Pýðing á pólsku á hluta af Jóni Oddi og Jóni Bjarna*  
*eftir Guðrúnu Helgadóttur*

**Malgorzata Lojewska**

**Kt.: 250678-2669**

**Leiðbeinandi: Margrét Jónsdóttir**

**Maí 2013**



## ÁGRIP

Í þessari ritgerð er tekist á við það að þýða af íslensku á pólsku hluta skáldsögunnar *Jón Oddur og Jón Bjarni* eftir Guðrúnu Helgadóttur. Ritgerðinni er skipt í tvo meginkafla. Í fyrri hlutanum er rætt um þýðingarfræði og helstu vandamálin við að þýða mál sem ekki er móðurmál manns. Þessi umræða er fræðileg. Seinni hlutinn er svo þýðingin sjálf.

Fyrri hluti ritgerðarinnar er í fjórum köflum. Fyrst er inngangur þar sem höfundur og verkið eru kynnt. Í öðrum kafla er fjallað um helstu hugtök þýðingarinnar, þýðingarferli, þýðingaraðferðir og greiningu textans. Einnig er talað um þýðingarfræðinga og kenningar þeirra. Í þriðja kafla er gerð grein fyrir ýmsum vandamálum sem komu upp við þýðinguna. Í fjórða kafla eru lokaorð þar sem allt efnið er tekið saman. Seinni hlutinn er þýðingin af níu köflum úr bókinni.

Hvers vegna þýddi ég bókina um Jón Odd og Jón Bjarna? Svarið við því er einfalt. Hún er mjög skemmtileg og spennandi. Þegar ég las hana fyrsta skipti þá hló ég upphátt. Þetta fannst mér áhugavert efni til BA- ritgerðar. Markmið þessarar ritgerðar er að sýna í hverju munurinn á milli þessa tveggja tungumála, íslensku og pólsku, liggur. Til að styðja það sýndi ég mörg dæmi og útskýrði hvernig þýðingin hljómar. Ég reyndi að þýða efni frumtextans á réttan hátt og breyta ekki boðskap bókunarinnar. Bæði þýðingin og greining textans eru mjög athyglisverð fyrir alla þá sem hafa áhuga á tungumálum. Verkefnið hjálpaði mér við að auka þekkingu mína á báðum tungumálunum.

# EFNISYFIRLIT

<b>ÁGRIP</b> .....	<b>4</b>
<b>1. KAFLI INNGANGUR</b> .....	<b>6</b>
1.1 Inngangur.....	6
1.2 Um höfundinn og verkið.....	6
1.3 Um verkið.....	7
<b>2. KAFLI UM ÞÝÐINGAR</b> .....	<b>8</b>
2.1 Inngangur.....	8
2.2 Hvað er þýðing?.....	8
2.3 Þýðingarferli.....	10
2.4 Þýðingaraðferðir.....	11
2.5 Flokkun texta.....	14
2.6 Hvað er jafngildi?.....	15
2.7 Um þýðinguna.....	17
<b>3. KAFLI ÞÝÐINGARLEG VANDAMÁL</b> .....	<b>18</b>
3.1 Inngangur.....	18
3.2 Fallbeyging.....	18
3.3 Nöfn: eiginnöfn og staðarheiti.....	19
3.4 Málfræðileg vandamál.....	19
3.4.1 Orðaröð.....	19
3.4.2 Persónufornöfn.....	20
3.4.3 Greinir.....	21
3.4.4 Viðtengingarháttur.....	22
3.4.5 Samtengingar.....	23
3.5 Orðmyndun.....	23
3.6 Sérstök orðfræðileg/menningarleg vandamál.....	25
3.6.1 Orð í föstum samböndum.....	25
3.6.2 Áttaorð.....	26
3.7 Menningarleg vandamál.....	26
3.8 Orð – orðfæri.....	27
3.9 Niðurlag.....	28
<b>4. KAFLI LOKAORÐ</b> .....	<b>29</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>30</b>
<b>ÞÝÐING Á PÓLSKU</b> .....	<b>32</b>

# 1. KAFLI

## INNGANGUR

### 1.1 Inngangur

Markmið mitt með þessari ritgerð er að gera grein fyrir þýðingu minni á nokkrum köflum úr bókinni *Jón Oddur og Jón Bjarni* eftir Guðrúnu Helgadóttur en líka greinargerðinni sem fylgir þýðingunni. Ritgerðin skiptist í tvennt. Fyrri hlutinn er fræðilegur en í seinna hlutanum er svo þýðingin sjálf sett fram.

Helstu ástæður fyrir vali mínu á bókinni *Jón Oddur og Jón Bjarni* eru þær að hún er mjög spennandi og myndin. Húmorinn í henni er mjög skemmtilegur. Málið er líka skemmtilegt og textinn er ekki erfiður. Auk þess hefur hún aldrei verið þýdd á pólsku..

### 1.2 Um höfundinn og verkið

Höfundur bókarinnar, Guðrún Helgadóttir, er vel þekkt bæði fyrir rit- og stjórnmalastörf á Íslandi.<sup>1</sup> Hún var alþingismaður frá 1979-1995 og forseti Alþingis 1988-1991, fyrst kvenna til að gegna því embætti. Bókin um Jón Odd og Jón Bjarna var fyrsta bókin hennar og kom hún út árið 1974. Þetta var fyrsta bókin af þremur um tvíburabæðurna, Jón Odd og Jón Bjarna. Þær hafa verið endurútgefnar mörgum sinnum og eru vinsælustu barnabækur sem komið hafa út á Íslandi. Einnig hefur verið gerð kvikmynd sem er byggð á bókunum.

Bækur Guðrúnar hafa fengið góða dóma heima og erlendis og verið þýddar á fjölmörg tungumál. Mennt hafa skipað henni á bekk með barnabókahöfundum á borð við t.d. Astrid Lindgren.<sup>2</sup> En hvað gerir það að verkum að bækur hennar eru svona vinsælar? Svarið er mjög einfalt. Sögur Guðrúnar bera alltaf með sér góðan boðskap og eru skrifaðar út frá sjónahorni barnsins. Þess vegna eru þær skemmtilegar og hafa elst vel.<sup>3</sup>

Bókin *Jón Oddur og Jón Bjarni* fjallar um sex ára tvíbura sem bera sömu nöfn. Þeir búa í blokk í Reykjavík ásamt fjölskyldunni sinni. Í sögunni er líka fjallað um ráðskonuna Soffiu og ömmu dreka. Bókin skiptist í 18 stutta kafla sem lýsa skemmtilegum atburðum í lífi strákanna.

---

<sup>1</sup> Upplýsingar um líf og störf Guðrúnar eru af vefnum [www.rsi.is](http://www.rsi.is)

<sup>2</sup> Upplýsingar eru af vefnum [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

<sup>3</sup> Upplýsingar eru af vefnum [www.mennta.hi.is](http://www.mennta.hi.is)

### 1.3 *Um verkið*

Eins og áður sagði er ritgerðinni er skipt í tvo aðalhluta. Fyrri hlutinn skiptist í fjóra kafla en sá síðari er þýðing nokkurra kafla bókarinnar yfir á pólsku. Í öðrum kafla verður fjallað um þýðinguna og fræðileg hugtök. Helstu aðferðir sem notaðar eru í ritgerðinni verða kynntar. Einnig talað er um fræðimenn á sviða þýðinga og kenningar þeirra. Þriðji kafli segir frá vandamálum í þýðingunni. Rætt verður um tvenns konar vandamál: málfræðileg og menningarleg. Vandamálin eru kynnt með dæmum og sagt er frá því hvernig best þótti að leysa þau. Í fjórða kafla eru lokaorð þar sem allt efnið er tekið saman. Eftir fjórða kafla kemur heimildaskrá. Seinni hluti ritgerðarinnar er þýðing á níu köflum úr bókinni *Jón Oddur og Jón Bjarni*.

## 2. KAFLI

### UM ÞÝÐINGAR

#### 2.1 Inngangur

Í þessu kafla verður rætt um þýðingar á fræðilegan hátt. Fjallað verður sérstaklega um hugtökin *þýðing* og *jafngildi*. Talað verður almennt um þýðingaraðferðir og flokkun texta. Gerð verður grein fyrir kenningum þýðingafræðinganna Jakobson, Nida, Newmark, Schleiermacher, Snell-Hornby, Reiß og hlutverksstefnu Vermeer.

#### 2.2 Hvað er þýðing?

Menn hafa velt þessu fyrir sér hvað hugtakið *þýðing* táknar. Til að finna svarið er nauðsynlegt að skoða merkingu orðsins. Í *Íslenskri orðabók* (2007:1231) merkir orðið *þýðing*:

- (1) útleggja, snúa texta úr einu máli á annað, endursegja á öðru máli sömu hugsun og tjáð er á fyrri málinu.

Til að skilja betur hvað átt er við með þýðingu þarf að gera sér grein fyrir merkingu hugtaksins í mismunandi tungumálum. Samkvæmt Ástráði Eysteinssyni (1996:25) er orðið *yfirfærsla*, eða sögnin *yfirfæra*, notað um þýðingar í mörgum tungumálum t.d. á dönsku („over-sætte“) eða á ensku („trans-late“). Í íslensku er til sambærileg sögn, þ.e. *yfirfæra*. Jón G. Friðjónsson (2006:1) segir að hún sé notuð í annarri merkingu, t.d. *yfirfærð merking* ‘óbein merking’. Sögnin *þýða* merkir ‘merkja, útskýra, útlista’ og er hún dregin af stofninum *þjóð*, og merkir því ‘skýra e-ð fyrir fólki/þjóð’. Ástráður Eysteinsson (1996:25) vitnar til orðsifjabókar Ásgeirs Blöndals Magnússonar en þar (1989:1207–1208) segir að sögnin *þýða* merki upprunalega ‘gera þjóðinni skiljanlegt’.

Hvað er þá þýðing? Þýðing er ekkert annað en færsla texta úr einu tungumáli á annað til að ná ákveðnu markmiði. Ástráður Eysteinsson (1996:27–28) tekur upp skýringu Roman Jakobson sem gerir greinarmun á þrenns konar þýðingum í ritgerð sinni *On Linguistic Aspects of Translation*:



- (2) a. Þýðing innan tungumálsins („intralingual translation“), þ.e. þegar tiltekin boð eru endurflutt í sama málkerfi, til dæmis þegar einhver saga er endursögð og löguð að breyttum aðstæðum en sama tungumál notað.
- b. Þýðing milli tungumála („interlingual translation“), þ.e. flutningur merkingar af einu tungumáli á annað.
- c. Þýðing milli táknkerfa („intersemiotic translation“), þar sem boð eru endurflutt með öðrum táknmiðli, til dæmis þegar rituð saga er flutt sem látbragðsleikur. Kvikmyndun skáldsögu væri einnig dæmi um táknkerfisþýðingu, en þar flækist málið vegna þess að tungumálið er notað ásamt myndmiðlinum og jafnvel tekin samtöl beint úr skáldsögunni, auk þess sem oft er einnig notuð tónlist (sem einnig býr yfir þýðingargildi af þessu tagi).

Jakobson segir að öll þrjú þýðingahugtökini beri með sér vanda og geti aldrei verið samsvarandi á milli tungumála. Í heiminum eru mismunandi tungumál með ólíkum reglum og málvenjum. Það er ekki alltaf hægt að endursegja orð nákvæmlega og þess vegna þarf að breyta orðalagi, setningaskipan eða jafnvel sleppa hluta af setningum. Þetta er eitt af því sem rætt verður í þriðja kafla þessarar ritgerðar.

J. C. Catford (1965:20) skilgreinir hugtakið þýðing í bókinni *A Linguistic Theory of Translation*. Hann segir að í þýðingu sé skipt á texta á einu máli og jafngildum texta á öðru. Í b. er textinn í þýðingu Jóns G. Friðjónssonar (2006:9):

- (3) a. The replacement of textual material in one language (SL) by equivalent textual material in another language (TL).
- b. Þýðing felur í sér að skipt er á textaefni í tilteknu máli (frummáli) og samsvarandi (jafngildu) textaefni í öðru máli (þýðingarmáli) [SL = Source Language = frummál; TL = Target Language = þýðingarmál]

Flutningur texta á milli tungumála getur verið mismunandi og samsvörun ekki fullkomin. Tveir textar á tveimur tungumálum geta ekki verið fullkomlega jafngildir. Þess vegna er hægt að velja um mismunandi erfiðleikastig. Tungumál eru menningarbundin og þess vegna er alltaf munur á milli þeirra. Eins og sagt var hér áður er þýðing einhverskonar endurgerð texta. Stundum t.d. er þetta gert til að endursegja texta fyrir börn eða ákveðinn hóp. Það er sá hópur sem kallast *markhópur*. Þýðingarmálið er einnig nefnt *markmál* eða *viðtökumál* en þýðingartextinn *marktætti*.


### 2.3 Þýðingarferli

Jón G. Friðjónsson (2006:10) fjallar um mörg líkön (módel) sem lýsa ferli í þýðingum á milli tungumála. Einfaldasta útskýringin er eftirfarandi:

- (4) sendandi > boð > viðtakandi = sendandi > boð > viðtakandi  
rithöfundur > (frum)texti > lesandi = þýðandi > (þýddur)texti > lesandi

Jón segir að í þessu líkani sé þýðandinn í tvöföldu hlutverki, sem lesandi og þýðandi. Hann les frumtextann á frummálinu til að þýða hann yfir á marktecta markmálsins.


Ástráður Eysteinnsson (1996:107–108) birtir tvö líkön sem lýsa þýðingarferlinu. Það fyrra lítur svona út:



Jón G. Friðjónsson (2006:11) útskýrir þetta þýðingarferli á svohljóðandi hátt:

- (6) Vikið er að þremur mikilvægum þáttum án þess að þeim séu gerð frekari skil. Í fyrsta lagi er um að ræða greiningu á frumtextanum (merkingarleg greining; málfræðileg greining). Í öðru lagi er um að ræða yfirfærslu (snörun) þannig að boð höfundar komist til skila. Í þriðja lagi er um að ræða endurbyggingu eða endurgerð frumtextans á þýðingarmálinu og síðasta stigið er síðan aðlögun frumtextans að viðtökumálinu (þýðingin sjálf).

Hinu lýsir Ástráður Eysteinnsson (1996:108) á eftirfarandi hátt:



Þessi líkön segja að í þýðingarferlinu komi „annar texti“ sem reynir að vera jafngildur frumtextanum. Um þetta segir Ástráður Eysteinnsson (1996:108):

- (8) ...leitinn að jafngildi flytur okkur ekki rակleitt frá hvítu yfir í svart heldur þarf að ferðast um grátt svæði, sem er einskonar taugakerfi þýðingarinnar.

Það er þetta gráa svæði sem býr til tengingu á milli tveggja merkingarheima. En það er athyglisvert að hér nefnir Ástráður jafngildi. Um það verður nánar rætt í 2.6.

#### 2.4 Þýðingaraðferðir

Þýðingar auka skilning okkar á öllu því sem er nýtt og ókunnugt og gera okkur fært að færa okkur á milli staða. Þær opna hugsun að tungumálum og menningu alls heimsins. Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson fjalla um kunnáttu þýðandans í bók sinni *Um þýðingar* (1988:11). Samkvæmt þeim má skipta lágmarkskröfur til þýðanda í þrjá liði. Þær eru:

- (9) a. Kunnáttu í málinu sem þýtt er.  
b. Þekking á efninu sem verið er að fjalla um.  
c. Færni í því að skrifa lipurlega og skýrt á heimamálinu.

Þetta eru aðeins lágmarkskröfur en margt fleira skiptir miklu máli. Þýðandi þarf að gera sér grein fyrir mismunandi þýðingaraðferðum. Vandamál hans er hvort þýða skuli orðrétt (literally) eða frjállega (freely) svo að vitnað sé til Jóns G. Friðjónssonar (2006:11). Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson (1988:69) telja að eftirfarandi sé nauðsynlegt:

- (10) Nauðsynlegt er að gæta þess að sama þýðingaraðferð hæfir ekki öllum textum. Stundum nægir að endursegja aðalatriði textans, í öðru tilvikum hentar betur að fylgja frumtextanum býsna náði í fyrstu atrennu, leggja áherslu á að allt efni komist til skila og íslenska svo textann í annarri umferð. Loks getur þurf að huga misjafnlega mikið að blæ og formi textans.

Tilgangur þýðanda er að koma merkingu og innihaldi frumtexta til skila með eðlilegum hætti á markmál. Því er það mikilvægt að hann hafi á valdi sínu ýmsar aðferðir við að það að þýða og miða þær við aðstæður hverju sinni.

Jón G. Friðjónsson (2006:13-15) fjallar um 8 mismunandi þýðingaraðferðir sem P. Newmark (1988:45–47) greinir á milli:

(11) a. **Áhersla lögð á frummálið (SL)**

1. Frá orði til orðs (word- for- word translation)
2. Orðrétt þýðing (literal translation)
3. Kórrétt þýðing (faithful translation)
4. Þýðing á grundvelli merkingar (semantic translation)

b. **Áhersla lögð á þýðingarmálið (TL)**

5. Aðlögun (adaptation)
6. Frjáls þýðing (free translation)
7. Eðlileg þýðing (idiomatic translation)
8. Þýðing á grundvelli tjáningar (communicative translation)

Jón G. Friðjónsson (2006:13–14) skilgreinir þessar þýðingaraðferðir á eftirfarandi hátt:

- (12)
1. Frá orði til orðs er þýðing á milli lína (back-translation, baklæg þýðing). Orðaröð frummáls er haldið og einstök orð eru þýdd á grundvelli orðabókarmerkingar.
  2. Orðrétt þýðing (literal translation). Orðskipunum frummáls er breytt í nánustu samsvaranir í þýðingarmálinu og einstök orð eru þýdd beint.
  3. Kórréttar þýðingar (faithful translation). Með kórréttri þýðingu er leitast við að nákvæm merking frumtextans komist til skila án þess að reglur þýðingarmálsins séu beinlínis brotnar.
  4. Þýðing á grundvelli merkingar (semantic translation). Þessar þýðingar víkja frá kórréttum þýðingum að því leyti að þar er meira tillit tekið til fagurfræði þýðingarmálsins.
  5. Aðlögun (adaptation) felur í sér að þýtt er 'frjálslega', t.d. við þýðingu leikrita og bundins máls. Meginstefjunum er haldið, persónum og fléttum, en textinn er staðfærður og aðlagður að menningarumhverfi þýðingarmálsins.
  6. Frjáls þýðing (free translation). Megináhersla er lögð á að koma efninu til skila en ekki umbúðunum, þ.e. merkingu frumtextans en ekki stíl hans.

7. Eðlileg þýðing (idiomatic translation). Megináhersla er lögð á að koma boðskapnum til skila en þó er ekki skeytt um nákvæma þýðingu, oft notuð orðatiltæki og föst orðasambönd sem ekki eiga sér samsvörun í frumtextanum.
8. Þýðing á grundvelli tjáningar (communicative translation). Með þýðingu á grundvelli tjáningar er leitast við að þýðing frumtextans komist að öllu leyti til skila jafnframt því sem merkingin verður að koma fram í eðlilegum búningi á þýðingarmálinu.

Eftir frekari greiningar komst Newmark (1988:47) að því að hægt er að skipta þýðingaraðferðum í tvo meginflokkka og fer skiptingin eftir því hvort áherslan er lögð á frummálið eða þýðingarmálið. Samkvæmt Jóni G. Friðjónssyni (2006:15) þessar tvær þýðingaraðferðir eru eftirfarandi:

- (13) a. Þýðing á grundvelli merkingar (semantic translation)
- b. Þýðing á grundvelli tjáningar (communicative translation)

Þessar þýðingaraðferðir eru andstæðar og til að útskýra muninn á milli þeirra þarf að skoða málhæfni lesandans. Þýðing á grundvelli merkingar er afstæð við málhæfni höfundar frumtextans. Þessi þýðing er einstaklingsbundin. Stíleinkenni höfundarins eins og t.d. orðatiltæki, nýyrði, líkingar varðveitast. Þýðing á grundvelli tjáningar miðast við málhæfni lesendur. Reynt er að koma sérkennum höfundar til skila. Setningar sem eru illa orðaðar eru lagfærðar eða umorðaðar. Meginatriði þýðingarinnar felast í því að koma boðskap frumtextans til skila. Þýðingin á að vera einföld, fáorð og á venjulegu máli.

Þjóðverjinn Friedrich Schleiermacher (sbr. Ástráð Eysteinnsson 1996:77) fjallar í ritgerð sinni *Um mismunandi þýðingaraðferðir* um tvær gerðir af þýðingum á milli tungumála. Það eru túlkun og eiginleg þýðing. Aðferðirnar sem „hinn eiginlegi þýðandi“ hefur um að velja eru tvær:

- (14) a. Hann getur flutt lesandann til höfundarins. Þýðandinn einbeitir sér að frumtextanum og gerir hann skiljanlegri og læsilegri fyrir lesandann. Hann reynir að bæta lesandanum skilninginn á frummálinu sem hann vantar. Megináhersla er lögð á frumtextann.

- b. Hann getur flutt höfundinn til lesandans. Þýðandinn einbeitir sér að þýðingarmáli og reynir að láta höfundinn tala eins og hann kunni markmálið. Megináhersla er lögð á þýðingarmál.

Schleiermacher segir að ekki megi blanda þessum aðferðum saman og þær útiloki hvor aðra. Hann bendir á að mismunandi aðferðir henti ólíkum bókmenntategundum og verkum.

Katharina Reiß (2004:160–171) segir að í greiningu frumtexta mikilvægt sé að finna merki um samskiptavirkni hans. Hún skiptir henni í tvo flokka. Annars vegar er innanmálsviðmið sem merkingarfræðilegt, orðfræðilegt, málfræðilegt og stílfræðileg. Hins vegar er utanmálsviðmið sem varðar aðstæður, viðfangsefni, tíma, stað, viðtakanda og sendanda. Einnig geta komið þýðandanum til hjálpar tilfinningarlegar vísbendingar á borð við kaldhæðni eða kímni. Þýðandi kys þýðingaraðferð í samræmi við hlutverk marktans.

## 2.5 Flokkun texta

Þegar þýðandi ætlar að þýða texta þarf hann að greina hann. Hverri textategund fylgja reglur af ýmsu tagi sem þýðandi þarf að kunna. Ástráður Eysteinnsson (1996:125–127) vísar til Mary Snell-Hornby sem hefur sett upp aðalkefni textategunda. Samkvæmt henni eru þrjár meginategundir þýðinga:

- (15) a. bókmenntaþýðingar
- b. almennar þýðingar
- c. sérhæfðar þýðingar

Allir flokkarnir eiga sér marga undirflokka. Hún flokkar t.d. biblíu-, kvikmyndapýðingar og ljóðapýðingar til bókmenntaþýðinga. Til almennra þýðinga teljast blaðatextar, auglýsingar og almennir upplýsingatextar. Hún telur að sérhæfðar þýðingar séu textar á sviði t.d. lögræði, hagfræði, læknisfræði, vísinda og tæknigreina. Í þessari tegund þarf þýðandi að hafa fagbundna- og svæðisbundna þekkingu.

Anthony Pym (2010:47) vísar til Katharinu Reiß sem flokkar texta í þrjá hópa samkvæmt því hlutverki sem þeim er ætlað í viðtökumeningunni:

- (16) a. upplýsandi texti (informative)
- b. tjáningartexti (expressive)
- c. virkjandi texti (operative)

Upplýsandi texti, t.d. leiðbeiningar, hefur raunverulegt svið og áhersla er lögð að innihaldið. Textinn miðlar efni, kemur með upplýsingum til skila og útskýrir inntakið. Form skiptir engu máli og er útlagt eftir þörfum. Textinn er tengdur við ákveðinn viðtakanda. Samskiptahlutverk frumtexta og marktenta eru þau sömu. Á hinn bóginn hefur tjáningartexti, t.d. ljóð, fagurfræðilegt svið og áhersla er lögð á formið. Inntakið skiptir máli en formið tekur við. Virkjandi texti, t.d. ávarp, er á sviði samræðunnar og áhersla er lögð á áhrif. Markmið hans er að kalla á viðbrögð. Þetta er ákall til að bregðast við.

Það er verk þýðandans að greina frumtextann og velja þýðingaraðferð í samræmi við samskiptahlutverk marktenta. Þá er það líka þýðandinn sjálfur sem ákveður hvort samskiptahlutverk frumtextans og marktenta eru þau sömu eða ekki.

Hver texti er þýddur í ákveðnum tilgangi. Hans J. Vermeer skilgreindi hugtakið *skopos* sem kemur úr grísku og stendur fyrir markmið, tilgang (2010:44). Anthony Pym (2010:45) vísar til Christiane Nord sem útskýrir hlutverksstefnu Vermeer á eftirfarandi hátt:

- (17) Each text is produced for a given purpose and should serve this purpose. The Skopos rule thus reads as follows: translate/interpret/speak/write in a way that enables your text/translation to function in the situation in which it is used and with the people who want to use it and precisely in the way they want it to function.

Það sem Nord á við með þessu er að í þýðingu á sér stað einhvers konar breyting á milli tveggja tungumála sem þarf að hafa áhrif á báða bóga. Á milli höfundar og lesanda skapast boðskipti. Ferli á sér stað við ákveðnar aðstæður. Skoposkenningin miðast við marktenta og viðtakanda. Hlutverk þýðanda er fyrst og fremst að gera sér grein fyrir markmiði textans og greina helstu upplýsingar sem þurfa að koma til skila.

## 2.6 Hvað er jafngildi?

Þýðing verður aldrei hið sama og frumtexti. Um þetta má vitna til ritgerðar Ástráðs Eysteinsonar, *Bókmenntir og þýðingar* (1984:24):

- (18) Hvaða viðmið getur þýðandi haft í huga ef hann er ófær um að segja það sama og hinn upphaflegi höfundur? Flestir þýðendur reyna, meðvitað eða ómeðvitað, að nálgast það sem nefnt hefur verið *jafngildi* (e. equivalence) og orðið hefur

grundvallarhugtak í þýðingafræðinni. Leggja ber áherslu á að þar er það ekki notað í neinni stærðfræðilegri merkingu. Í jafngildi felst að þýðandinn reynir að veita þeim „boðum“, er hann sendir frá sér, skírskotun sem samsvarar skírskotun hinna upphaflegu boða; hann kappkostar að láta þau gegna samsvarandi eða jafngildu *hlutverki* (e. function) í „nýjum“ texta á öðru máli.

Ástráður Eysteinnsson (1996:89–90) vísar til Eugene A. Nida, bandaríksk þýðingafræðingsing. Hann greinir að tvenns konar jafngildi í tímamótaverki sínu *Toward a Science of Translating* sem kom fyrst út árið 1964. Annars vegar *formlegt jafngildi* (formal equivalence), hins vegar *áhrifajafngildi* (dynamic equivalence). Skilgreiningin hans á formlegu jafngildi er eftirfarandi:

(19) Formlegt jafngildi beinir athygli að boðunum sjálfum, bæði formi þeirra og inntaki [...]. Frá þessum formlega sjónarhóli er þýðanda í mun að boðin í viðtökumálinu svari eins nákvæmlega og mögulegt er til hinna ýmsu þátta í frummálinu.

Með formlegu jafngildi er reynt að þýða frumtextann eins nákvæmlega og hægt er. Nákvæmi á að vera bæði í formi og merkingu. Það er frumtextinn sem skiptir máli og þess vegna þarf markttextinn að vera í samræmi við hann. Megináhersla er lögð á að koma einkennum frumtextans til skila. Á hinn bóginn skiptir lesandinn miklu máli í áhrifajafngildi. Nida segir að áhrifajafngildi byggja á:

(20) ... algjörlega eðlilegri framsetningu og reynir að setja viðtakandann í samband við hegðanamynstur sem ríkjandi er í hans eigin menningarsamfélagi; slíkt jafngildi krefst þess ekki að hann skilji menningarþætti í samhengi frummálsins til að skilja boð textans.

Aðalmál þýðandans er að reyna að ná sömu áhrifum á lesandann. Þýðandinn svipast um eftir því sem þjónar sama tilgangi og reynir umfram allt að setja hlutina í rétt menningarlegt samhengi. Þetta er leið til að fá viðbrögð við frumtextanum. Það þarf að endursegja og endurskapa sömu hugmynd á öðru máli en samt að tjá merkingu frumtexta.

Aðalmunurinn á jafngildunum er fólgin í því að í formlegu jafngildi er lögð áhersla á frumtexta en í áhrifajafngildi á markttexta.



Hugtakið jafngildi hefur verið mikið notað og margoft gagnrýnt. Ástráður Eysteinnsson (1996:93) vitnar til bandaríksks háskólakennara, James S. Holmes, sem sagði að „hugtakið jafngildi gæfi ekki rétta hugmynd um samband frumtexta og þýðingartexta og lægi of nálægt samsvörun. Í stað þess mætti nota hugtakið *pörin* (matching)“. Holmes sótti hugtakið í grein eftir Roy Harris.

## 2.7 Um þýðinguna

Í þessum kafla hef ég fjallað um eftirtalin atriði: merkingu orðsins þýðing, þýðingarferli, þýðingaraðferðir, flokkun texta og hugtakið jafngildi. Nú má spyrja hvernig þau tengjast verkefninu?

Í þýðingunni á *Jóni Oddi og Jóni Bjarna* hefur sú leið verið valin að flytja höfundinn til lesandans. Það hentaði betur að leggja áherslu á þýðingarmálið af því að bókin er ætluð börnum. „Bein“ þýðing á frumtextanum gæti orðið óskiljanleg fyrir markhópin sem í þessu tilfelli eru krakkar. Þýðandi þarf að hafa í huga að viðtakendur geta verið mismunandi eftir hæfileikum, þroskastigi en fyrst og fremst hafa menningarskilyrðin áhrif. Þau skipta miklu máli.

Samkvæmt greiningu Newmark var notuð sú þýðingaraðferð sem kallað er þýðing á grundvelli tjáningar sem miðuð er við málhæfi lesandans. Lögð var áhersla á boðskapinn sem færður var til lesanda á vönduðu þýðingarmáli. Marktextinn þurfti að vera einfaldur, þægilegur en einnig skemmtilegur og orðsnjall fyrir börn í markmenningunni – þarf að ná áhrifum á lesandann sem jafngilda þeim sem frumtextinn hefur. Hér í þessari þýðingu einbeittir þýðandinn sér að þýðingarmálinu. Um þetta verður vandlega rætt í kafla.3.

Margrét Tryggvadóttir (1999:113) fjallar um merkilegt eðli barnabóka. Það eru ekki börn sem velja og kaupa bækur. Þetta hlutverk tilheyrir fullorðnum. Börn langar að hlusta á sömu sögurnar oft en einu sinni. Þegar fullorðnum finnst bók ekki nóg skemmtileg reyna þeir að komast hjá því að lesa hana aftur. Höfundur og seinna þýðandi á barnabókum þarf að hugsa um tvo lesendur: börn og fullorðna. Margrét telur að verkefni barnabókapyðanda sé mjög krefjandi. Þetta finnst mér mikilvæg niðurstaða. Ég er sammála Margréti. Ég held að þýða fyrir börn sé alls ekki auðveldara en að þýða fyrir fullorðna. Hlutverk barnabóka er skapandi og upplýsandi. Þær geta t.d. kennt börnum tungumál, þróa ímyndunarafl.

Í næsta hluta ritgerðarinnar verður rætt um þýðingarleg vandamál sem fylgja þýðingu íslenska bókmenntatexta yfir á pólsku.

### 3. KAFLI

## ÞÝÐINGARLEG VANDAMÁL

#### 3.1 Inngangur

Ýmis vandamál koma upp við þýðingu af íslensku yfir á pólsku. Í þessum kafla ætla ég að greina þessi vandamál og segja frá því hvernig þau voru leyst. Jafnframt sýni ég fram á hversu ólík þessi tvö tungumál, íslenska og pólska, eru enda endurspeglast vandinn að miklu leyti í því. Þessi vandamál flokkast undir það sem ég kalla málfræðileg vandamál. Af öðrum toga eru þau mál sem ég kalla menningarbundin.

#### 3.2 Fallbeyging

Íslenska og pólska eru mjög ólík tungumál. Íslenska er germanskt tungumál með fjórum föllum: nefnifalli, þolfalli, þágufalli og eignarfalli. Pólska er hins vegar slavneskt mál. Fallorðin, nafnorð, fornöfn og lýsingarorð, beygjast í sjö föllum, þ.e. nefnifalli, þolfalli, þágufalli, eignarfalli, staðarfalli og ávarpsfalli sé það talið með; raunar er ávarpsfallið ekki táknað málfræðilega heldur er það eingöngu hljómrænt og í riti er það táknað með upphrópunarmerki.

Staðarfall er fall sem á við um dvöl á stað. Meðal tungumála sem hafa staðarfall má nefna latínu. Í íslensku hefur þágufall tekið yfir notkun staðarfallsins. Eftirfarandi dæmi sýnir notkun á staðarfalli í þýðingunni þar sem þágufall stendur í frumtextanum:

- (21) a. ... með ömmu dreka í jeppanum í broddi fylkingar. (bls. 43)<sup>4</sup>  
b. *Na czele całej grupy była babcia smok i jej dżip.*

Í þessari setningu um staðarfallsdæmið sýnt er hvernig fallið breyttist á milli tungumála. Nafnorð í frumtextanum stendur í þágufalli en í marktöxanum er í staðarfalli. Staðarfall stendur aldrei eitt og sér. Á undan því stendur forsetning sem í dæmi (21) b. er *na*. Staðarfallsmyndin *czele* væri í nefnifalli *czolo*.

---

<sup>4</sup> Hér og eftirleiðis er vitnað í blaðsíðutal í útgáfu bókarinnar frá 2007.

### 3.3 Nöfn: eiginnöfn og staðarheiti

Nöfn manna og staða valda alltaf ákveðnum erfiðleikum í þýðingum. Þýðendur nota mismunandi aðferðir til að umgangast nöfnin. Flestir fræðimenn telja mannanöfn vera óþýðanleg. Þeir segja að þetta séu fastbundin menningarleg fyrirbæri sem erfitt sé að þýða á annað mál. Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson (1988:27) segja um þetta:

(22) Sjaldnast er ástæða til að „þýða“ mannanöfn beinlínis, nema þá að þau hafi einhverja sérstaka merkingu.

Í pólsku eru sumir íslenskir stafir ekki til; þess vegna þarf að laga þá að pólskri stafsetningu. Með þessari breytingu á nöfnum og staðarheitum verður auðveldara fyrir lesendur að lesa textann. Nauðsynlegt er líka að beygja þau í föllum á pólsku og þá bætist við ending. Allt þetta gerði ég til að nöfnin hljómuðu eðlilega á pólsku. Eftirfarandi tafla sýnir betur samanburð á milli tungumála:

Eiginnöfn á íslensku	Eiginnöfn á pólsku
Jón	Jon
Jóni Oddi (þgf.)	Jonowi Oddurowi (cel.)
Jóna	Jona
Soffía	Soffia
Staðarnöfn á íslensku	Staðarnöfn á pólsku
Þingvöllur/ Þingvellir	Thingvollur
Norðurmýri	Nordurmyri

Tafla 1: Samanburður á rithætti nafna í íslensku og pólsku

### 3.4 Málfræðileg vandamál

#### 3.4.1 Orðaröð

Venjuleg eða sjálfgefin orðaröð í íslensku er frumlag – sögn – andlag. Orðaröðin er ekki eins sveigjanleg og í pólsku. Algengasta orðaröðin á pólsku er eins og í íslensku, þ.e. frumlag – sögn – andlag. Orðaröðin er þó miklu frjálssari í pólsku en íslensku og þess vegna er hægt að færa til orðin í setningunni eða jafnvel sleppa einhverju orði, nafnorðinu, andlaginu og meira að segja stundum sögninni. Setning getur byrjað á sögn og er þá frumlaginu sleppt. Skiptir þá

engu máli hvort frumlagið er nafn t.d. Jón eða nafnorð maðurinn eða bílstjórinn. Sem dæmi má nefna eftirfarandi setningu úr þýðingunni:

- (23) a. Hann *reis upp* ... (bls. 11)  
b. reis upp  
c. ‘*Zerwał się ...*’

Í pólsku hægt er að mynda setningu sem aðeins er með sögn og sagnfyllingu. Sem dæmi má nefna eftirfarandi setningu í þýðingu yfir á pólsku:

- (24) a. Hún *var unglingur*. (bls. 16)  
c. *Była nastolatką*.

Í marktöxtanum er frumlaginu (hún) sleppt og setningin hefst á sögninni. Sögnin segir til um kyn og tölu geranda. Setningin hljómar þá eðlilegar á pólsku.

Eins og kom fram hér á undan er stundum hægt að sleppa persónufornafni. Þetta er gert til að forðast endurtekningu sérstaklega þar sem sagnir segja til um kyn og tölu geranda. Eftirfarandi dæmi sýnir þetta ágætlega:

- (25) a. *Þeir hentust niður stigann*. (bls. 44)  
b. hentust niður stigann  
c. ‘*Czmychnęli w dół schodami.*’

Í marktöxtanum er sleppt persónufornafni til að varast endurtekningu. Þetta er gert við hæfi markhópsins sem í þessu tilfelli eru pólsk börn.

Hér á undan hefur verið lýst þremur setningum þar sem hægt hefur verið að sleppa frumlaginu. Sögnin sem annars var í öðru sæti verður því í fyrsta sæti. Sagnir geta verið sjálfstæðar og þurfa hvorki að fylgja persónufornafni né frumlagi.

### 3.4.2 Persónufornöfn

Samkvæmt Ástu Svavarsdóttur og Margrėti Jónsdóttur (2009:21–22) geta persónufornöfn í íslensku vísað beint til einhvers í umhverfinu sem við sjáum eða þekkjum. Þær segja:

(26) Þessi orð eru kölluð fornöfn 3. persónu. Persónufornafni er skotið inn á undan mannsnafni þegar rætt er um einhvern kunnugan. Fornafnið er þá í sama kyni og falli og nafnið.

Eftirfarandi dæmi úr bókinni sýnir notkun á fornafni 3. persónu:

- (27) a. Hún er nú ágæt, *hún amma*. (bls. 26)  
b. *Babcia* jest niczego sobie.

Í pólsku þýðingunni miðlar þessi setning ekki sömu tilfinningu og frumtextinn. Fornafninu, '*hún*' er sleppt til að forðast endurtekningu. '*Hún amma*' í orðréttri þýðingu á pólsku hljómar óeðlilega. Tilfinningalegt efni frumtextans kemst ekki til skila í marktöxtanum.

Málvenjur eru ólíkar eftir tungumálum og þess vegna þarf þýðandi að þekkja þær í báðum menningarheimum. Það var ekki hægt að koma upplýsingum sem eru innifaldar í frumtextanum til skila.

### 3.4.3 Greinir

Íslensk nafnorð, þ.e. samnöfn, taka með sér greini. Greinir tákna að nafnorðið sé ákveðið. Ákveðinn greinir er ekki til í pólsku og þess vegna er notað ábendingafornafn sem sett er fyrir framan nafnorðið sem það stendur með. Þessi aðferð er notuð til að leggja áherslu og sýna nákvæmni. Í þýðingu yfir á pólsku er því ekki hægt að tjá mun á því hvort nafnorð sem er þýtt með greini, sbr. B, eða ábendingafornafni, sbr. C.

(28)	A	B	C
	kona	konan	þessi kona
	kobieta	ta kobieta	ta kobieta

Í flestum tilfellum skiptir greinir engu máli í marktöxtanum og honum er sleppt. Þetta er gert þegar samhengi í textanum bendir til þess um hvað er talað. Nafnorðið stendur þá eitt og sér. Sem dæmi má nefna:

- (29) a. Jón Bjarni, sást þú tertuna? (bls. 8)  
b. Jon Bjarni, widziałeś tort?

Dæmi (29) a. snýst um ákveðna tertu en í þýðingunni á pólsku (29) b. veit lesandinn að talað er um þessa tertu og þarf ekki endurtaka það.

Stundum skiptir greinir máli. Þá er nauðsynlegt að nota fornafn í þýðingu sem gefur til kynna um hvað er talað. Dæmi sem sýnir eftirfarandi notkun:

- (30) a. Höndin varð eldrauð. (bls. 11)  
b. *Jego ręka była cała czerwona.*

Fornafnið *jego* segir lesanda hvaða hönd varð eldrauð og merkir 'hans hönd'. Þessi aðferð hjálpar viðtakanda að skilja textann og koma upplýsingum til skila.

#### 3.4.4 Viðtengingarháttur

Viðtengingarháttur er ekki til í pólsku og því er framsöguháttur viðkomandi sagnar notaður. Þannig er ekki hægt að koma til skila þeirri sérstöku merkingu sem falist getur í viðtengingarhættinum. Í (31), A, eru nokkur dæmi með viðtengingarhætti en í B er framsöguháttarformið sýnt.

	<b>A</b>	<b>B</b>
(31) a.	<i>Gangi þér vel!</i>	<i>Gengur þér vel?</i>
b.	<i>Verði þér að góðu!</i>	<i>Verður þér að góðu?</i>
c.	Bréfið <i>berist</i> ráðuneytinu á morgun! (en ekki hinn daginn)	Bréfið <i>berst</i> ráðuneytinu á morgun. (mun berast)
d.	Ég heyri að þú <i>sért</i> góð kona.	Ég heyri að þú <i>ert</i> góð kona.

Í þýðingu á pólsku kæmust sambærileg einkenni frumtextans ekki til skila. Þar yrði að nota framsöguhátt til að reyna að ná sömu áhrifum á lesanda. Þannig myndu dæmin með sögninni *berast*, c., og *vera*, d., í A og B falla saman. Dæmi a. og b. í A verða þýdd á pólsku eins og óskir: *Powodzenia* (fyrra dæmið) og *Smacznego* (síðara dæmið). Jón G. Friðjónsson (2006:23) segir að í þessum tilfellum sé ekki um að ræða neina samsvörun á milli tungumála. Þetta eru íslenskt dæmi sem er ekki til í öðrum málum. Dæmi a. og b. í B verða þýdd sem spurningar, nákvæmlega eins og á íslensku.

Í (32) eru dæmi um skyldubundna notkun á viðtengingarhætti. Dæmi a. felur í sér óvissu og möguleika en b. endursegir það sem sagt hefur verið. Þetta kallast óbein ræða.

- (32) a. ... ég held að þetta sé vekjaraklukka ... (bls. 44)
- b. Myślę, że może to być budzik.
- c. Pabbi sagði þeim að þetta fjall hétu Vífilsfell og hann sagði líka að sér *fyndist* þetta vera kjánalegt tiltæki og eyðilegging á annars góðu fjalli. (bls. 20)
- d. Tata wyjaśnił im jak *nazywa się* ta góra. Powiedział, że według niego ten napis to głupi wybryk, który tylko niszczy tą piękną górę.

Setning c. varð að tveimur setningum á pólsku, sbr. d. Lengd setningarinnar fannst mér einnig vera vandamál. Ég skipti setningunni því í tvær styttri og notaði framsöguhátt. Mjög langar setningar sem eru þýddar beint á pólsku geta verið mjög ruglandi og skilningur á þeim ekki fullnægjandi. Einfaldar og stuttar setningar eru betri en langar og flóknar; þær komast betur til skila. Þetta þarf þýðandi að hafa í huga þegar hann tekur ákvörðun hver sé viðtakandi marktíðans.

### 3.4.5 Samtengingar

Annað vandamál sem kom í þýðingunni voru samtengingar. Sumar setningarnar byrjuðu með samtengingum. Ég neyddist þá til að breyta setningunum, umorða þær eða jafnvel sleppa samtengingunni. Pólska leyfir nefnilega ekki að byrja setningu með slíkum orðum. Sem dæmi má nefna:

- (33) a. Og þá skildi hann allt. (bls. 11)
- b. Wtedy wszystko zrozumiał.

Þar sem pólska leyfir ekki að byrja setningu með samtengingunni var henni sleppt í marktíðanum.

### 3.5 Orðmyndun

Samsett orð af ýmsum toga eru tíðari í íslensku en í pólsku. Hér verða tvö orð úr textanum tekin til umfjöllunar. Annað er *krakkaskari*. Orðið er gert af tveimur sjálfstæðum rótum, *krakk-* og *skar-*. Hitt orðið er *happdrættisvinningur*. Orðið er gert úr tveimur orðum, *happdrætti* og *vinningur*. Orðið *vinningur* er afleitt, myndað með viðskeytinu *-ing* og rótinni *vinn-*. Orðið *happdrætti* er gert úr orðinu *happ* og *drætti* sem er rótin *drátt-* og viðskeytið *-i*.

Sé gengið út frá greiningu Eiríks Rögnvaldssonar (1990:27); sjá líka Guðrúnu Kvaran (2005:147), er orðið *krakkaskari* samsett en myndun orðsins *happdrættisvinningur* kölluð afleidd samsetning.

Mjög sérkennandi fyrir höfundinn, Guðrúnu Helgadóttur, er notkun hennar á áhrifamiklum lýsingar- og atviksorðum sem hafa sterka merkingu. Þetta er gert til að hjálpa lesandanum að sjá ljóslifandi myndir og að viðhalda athygli hans. Lýsingarorðin og eitt atviksorðanna fá herðandi merkingu með sérstökum forliðum. Eiríkur Rögnvaldsson (1999:27) segir um þessa forliði að þeir hafi oft misst upprunalega merkingu sína en séu notuð, einkum í talmáli, til áhersluauka.

(34) a.	<b>lýsingarorð</b>	<b>atviksorð</b>
	<i><u>blindfullur</u></i>	<i><u>eldsnema</u></i>
	<i><u>bráðskemmtilegur</u></i>	
	<i><u>dauðpreyttur</u></i>	
	<i><u>eldrauður</u></i>	
	<i><u>hálfúsir</u></i>	
	<i><u>steinsofandi</u></i>	

Sum orðin er mjög erfitt að þýða með einu orði á pólsku. Stundum þarf að umorða orð með setningu og þýða með því að lýsa hvernig hlutur er með t.d. lýsingarorði eða nafnorði. Dæmi:

(35)	<i><u>steinsofandi</u></i>	<i>sofandi</i> eins og <i>steinn</i>	<i>spal jak kamień'</i>
	<i><u>eldrauður</u></i>	<i>rauður</i> eins og <i>eldur</i>	<i>czzerwony jak burak</i>
		eða <i>mjög rauður</i>	<i>bardzo czerwony</i>
	<i><u>eldsnemma</u></i>	<i>mjög snemma</i>	<i>bardzo wcześnie</i>
	<i><u>bráðskemmtilegur</u></i>	<i>mjög skemmtilegur</i>	<i>bardzo zabawny</i>

Höfundurinn notar mikið af fjölbreyttum lýsingarorðum og þess vegna eru lýsingarnar í bókinni mjög lifandi. Þetta er gert vegna markhópsins sem bókin er ætluð. Það er mjög auðvelt fyrir lesanda að sjá það fyrir sér sem um er rætt.



### 3.6 Sérstök orðfræðileg/menningarleg vandamál

#### 3.6.1 Orð í föstum samböndum

Eitt helsta vandamálið sem kom upp var þýðingin orðatiltækja, orðasambanda og málshátta. Orðtök, málshættir og líkingar eru vel þekkt vandamál fyrir þýðendur. Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson (1988:40) útskýra orðin á eftirfarandi hátt:

- (36) Málshættir eru fullkomnar setningar eða málsgreinar og fela oft í sér einhverja meginreglu eða lífsspeki. Orðtök eru aftur á móti föst orðasambönd í óeiginlegri merkingu. Málshættir eiga það hins vegar sameiginlegt með orðtökum að merking einstakra orða innan þeirra er yfirleitt ekki bókstafleg og málshátturinn hefur í raun aðeins merkingu í heild sinni. Stundum felst lífsspeki hans eða meginregla í nokkurs konar líkingu.

Í orðasamböndum, orðatiltækjum og málsháttum getum við séð menningarlegan mun á milli þessa tveggja tungumála. Sumt er hægt að þýða beint en ekki allt af því að tungumál er hluti af menningu. Oft er hægt að finna sambærileg orðatiltæki á pólsku með sömu merkingu eða setja textann í „annan búning“. Um jafngildi í þýðingum var rætt í kafla 2.6. Nauðsynlegt er að gæta þess að þýða orðasambönd ekki orð fyrir orð og umhugsunarlaust heldur kanna hver hin rökleg merking er í raun og veru. Þess vegna þarf stundum að finna heppilegan staðgengil. Dæmi um menningarmunur á milli þessa tveggja tungumála má t.d. sjá hér:

- (37) a. Betri er belgur en barn. (bls. 53)  
b. Prawda jak oliwa, zawsze na wierzch wypływa.  
  
d. Oft má satt kyrrt liggja. (bls. 53)  
e. Czasem lepiej jest zachować prawdę tylko dla siebie.

Í dæmi (37) b. er pólskt orðatiltæki sem hefur svipaða merkingu. Þýðingin í (37) e. er umorðun af því að samsvarandi orðatiltæki fannst ekki á marktungumálinu.

Til að finna réttan staðgengil þarf þýðandi að þekkja vel bæði tungumál. Þar má hann styðjast við góð hjálpartæki eins og t.d. orðabækur. Á hinn bóginn þarf hann að muna að allir textar eiga rætur í menningarumhverfi og þess vegna er nákvæm samsvörun ófinnanleg.

### 3.6.2 Áttaorð

Alengt er í íslensku að tengja áttir við ákvörðunarstað. Sem dæmi má nefna: *austur á Þingvöll*. Upplýsingarnar eru því á vissan hátt tvíteknar. Á pólsku er almennt sagt frá nöfnum á stöðum með því að sleppa áttaorðunum og því er sagt *á Þingvöll*. Áttaorð eins og *upp*, *niður*, *austur*, *norður* eru auðvitað til en notkun þeirra er því ekki samsvarandi. Í þýðingunni sleppti ég áttaorðum og notaði bara nöfn á stöðum. Dæmi um þetta eru eftirfarandi:

- (38) a. Og í dag ætluðu þau að fara *austur* á Þingvöll ... (bls. 15)  
b. Dzisiaj właśnie zamierzali oni pojechać do Thingvoll.  
c. En þegar þau komu *niður* Kambana ... (bls. 20)  
d. W dole gór była słoneczna pogoda.

Eins og sjá má koma *Kambarnir* hvergi við sögu í þýðingunni. Um þá verður rætt nánar í 3.7. hluta þessarar ritgerðar.

Þessi notkun áttaorða er mjög sérstök fyrir íslensku og á vissan hátt má segja að hún falli undir menningarleg vandamál. En í næstu köflum verður einmitt fjallað um þau.

### 3.7 Menningarleg vandamál

Menningarleg vandamál er mjög erfitt að leysa af því að allir textar eiga rætur í menningarumhverfi. Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson (1988:36) fjalla um þessa tilteknu vandamál á þennan hátt:

- (39) Sérstakan gaum þarf að gefa að orðum sem eru svo nátengd menningu, siðum og venjum frummálsins að þau eru nánast óþýðanleg. Þeim verður ýmist að sleppa, reyna að finna staðgengla eða freista þess að þýða þau.

Í bókinni *Jón Oddur og Jón Bjarni* eru mörg dæmi um menningabundin vandamál. Til að mynda það má nefna eftirfarandi setningar:

- (40) a. Stönsuðu í Grafningnum ... (bls. 24)  
b. Það var keypt hjá L. H. Müller ... (bls. 25)

